

OECD *Multilingual Summaries*

Development Co-operation Report 2015

Making Partnerships Effective Coalitions for Action

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/dcr-2015-en](https://doi.org/10.1787/dcr-2015-en)

Skýrsla um þróunarsamvinnu 2015

Frá samstarfi til áhrifaríkra bandalaga um aðgerðir

Útdráttur á íslensku

Þróunarstarf alþjóðasamfélagsins síðastliðin 60 ár hefur haft mælanleg áhrif í þá átt að draga úr fátækt, bæta heilsufar fólks og takast á við önnur brýn verkefni. En sundurleit átaksverkefni, ósamstæð forgangsröðun og ósamstillt aðferðafræði teifa enn fyrir framförum.

Á sama tíma, í heimi sem tengist sífellt meira og rennur saman í hnattræna heild, eru landamæri að verða ógleggri – fullveldishugmyndin, sem áður var grunnurinn að hefðbundinni þróunarsamvinnu, á nú undir högg að sækja.

Þörfin á samræmingu aðgerða hefur aldrei verið brýnni. Sameinuðu þjóðirnar hafa leitt vinnu að samantekt 17 metnaðarfullra, alhliða og yfirgripsmikilla markmiða um sjálfbæra þróun sem eiga að nást fyrir 2030. Bætt og aukin alþjóðleg samvinna innan alhliða stjórnkerfis sem byggt er á grunni gagnkvæmrar ábyrgðarskyldu verður forsenda þess að markmiðin náist.

Samstarf er öflugur drifkraftur þróunar

Þótt flestir séu sammála um að samstarf sé mikilvægur drifkraftur í sameiginlegum aðgerðum til þess að ná markmiðunum um sjálfbæra þróun nær hugtakið „samstarf“ yfir margvíslegar nálganir, skipulag og markmið, sem gerir alla alhæfingu erfiða – ef ekki ómögulega.

Þótt markmiðin um sjálfbæra þróun séu algild og eigi við um öll lönd taka þau einnig mið af fjölbreytni – fjölbreytni aðstæðna, þarfa, getu, stefnumiða og forgangsröðunar, svo eitthvað sé nefnt. Til að árangur náist er nauðsynlegt að samstarfsáætlanir sem beinast að þessum alþjóðlegu markmiðum stjórna af forgangsmálum hinna einstöku landa.

Í þessu samhengi má hafa þrjár meginreglur að leiðarljósi til þess að samstarfsáætlanir nýtist til fulls eftir 2015.

- **1 – Ábyrgðarskylda í aðgerðum** . Ábyrgðarskylda felur í sér að ábyrgð sé tekin á aðgerðum eða aðgerðaleyfi og í síðara tilvikinu að fallist verði á möguleg viðurlög ef ekki er staðið við skuldbindingar. Enda þótt ábyrgðarskylda stjórnvalda verði áfram grundvallaratriði varðandi aðgerðir eftir 2015 er það eðli núverandi þróunarsamstarfs að þar koma saman margs konar hagsmunaaðilar: ríkisstjórnir, þjóðþing, borgaraleg samtök, mannúðarfélag, fjölþjóðlegar stofnanir, viðskiptafyrirtæki og margir aðrir – og ekki síst samfélögin sem fyrir áhrifum verða af þróunarverkefnum. Þótt fyrirkomulag ábyrgðarskyldu sem víðast hvar er nú stuðst við byggji á sameiginlegum grundvallarreglum um skilvirkni þróunarstarfs er viðurkennt að mismunandi hagsmunaaðilar kunna að nálgast sameiginlegar þróunaráætlanir með mismunandi hætti. Þessi viðurkenning stuðlar að trausti og gagnkvæmri virðingu, sem eru grunnurinn að ábyrgðarskyldu. Hvernig getum við þá haldið utan um ábyrgðarskyldu þegar alþjóðlegt þróunarsamstarf verður sífellt flóknara? Þörf er á nýjum leiðum til að hver geti kallað annan til ábyrgðar ásamt mælanlegum skuldbindingum og stöðlum sem eru endurskoðaðir og uppfærðir reglulega til þess að þeir eigi

jafnan við og uppfylli þarfir og haldi uppi sameignlegri skuldbindingu og pólitískum skriðþunga. Einnig er grundvallaratriði að tryggja að allir samstarfsaðilar hafi aðkomu að stjórnkerfinu og að allir geti komið sjónarmiðum sínum að.

- 2 – **Samræmdar og árangursríkar aðgerðir** . Eftir því sem fjölbreytni samstarfsaðila eykst, sem þátt taka í þróunarsamvinnu, er brýnna en nokkru sinni fyrr að koma í veg fyrir tvíverknað og sundurleitni – það eru vandamál sem lengi hafa staðið í vegi fyrir skilvirkni í þróunarsamvinnu. Þótt hægt sé að greiða fyrir árangursríkum aðgerðum eftir 2015 með því að beina samstarfi að tilteknum málaflokkum eða greinum, svo sem heilbrigðismálum, menntamálum og sjálfbærri orkuframleiðslu, þýðir það ekki að fleiri og víðtækari samstarfsáætlanir séu besta lausnin. Reynslan hefur kennt okkur að slíkt geti haft ófug áhrif. Hagræðing í samstarfi – með sameiningu þeirra þátttakenda og kerfa sem fyrir eru – draga úr sundurleitni í aðgerðum og skörun verkþátta og léttu byrði skýrslugerðar og stjórnsýslu af þróunarríkjum, sem bætir bæði veitingu og áhrif þróunarstarfs. Samstarf – þ.m.t. samstarf hins opinbera og einkaaðila – getur einnig hjálpað til að koma lausnum í viðeigandi stærðargráðu og færa út umfang þróunarlausna þannig að þær gagnist fjölmennari hópum, en það eru einstakar stjórnvaldsstofnanir, fyrirtæki eða mannúðarsamtök yfirleitt ófær um upp á eigin spýtur. Síðast en alls ekki síst veitir öflug forysta samstafsáætlunum þann skriðþunga sem þarf til þess að takast á við flókin þróunarverkefni, halda stefnufestu og virkja þann mannauð og fjármuni sem þarf til þess að vinna verkið.
- 3 – **Aðgerðir sem byggja á reynslu** . Umbætur í alþjóðlegu þróunarsamstarfi í því skyni að takast á við þróunarverkefni nútímans kalla á breytta hegðun og hugsun. Til að ná fram þessum breytingum þarf að ræða saman og læra af reynslu. Í 11 dæmisögum í skýrslu þessari er sagt frá margvíslegri reynslu af samstarfi og aðferðum en það er a.m.k. eitt sem þær eiga allar sameiginlegt: áherslu á mikilvægi þess að læra af reynslu, skiptast á þekkingu og draga lærdóma um góðar starfsvenjur. Samstarf milli suðurs og suðurs er mikilvæg aðferð til að skiptast á þekkingu, þar sem einstök lönd geta beitt lærdómi sem dreginn er beint af reynslu annarra til þess að bæta eigin stefnu og áætlanir. Skipulag ábyrgðarskyldu stuðlar að því að lært sé af reynslu, sem bætir gæði þróunarsamvinnu og eykur á áhrif hennar og gagnsemi. Slíkt skipulag getur falist í hverju sem er, frá jafningjarýni, sem beinist að því hvernig þróunarsamstarfið er afmarkað, hvernig því er stjórnað og komið til skila, til eftirlits, upplýsingagjafar og matsferla sem notaðir eru til þess að stuðla að stöðugri aðlögun.

Samstarf eftir 2015 mun fela í sér ný og breytt hlutverk

Til að ná markmiðunum um sjálfbæra þróun þarf öflug þátttöku margra, þar með talið:

- einkageirans, til atvinnusköpunar, tækniþróunar og fjárfestingar,
- borgaralegra samtaka, til þess að kalla samstarfsaðila til ábyrgðar, þrýsta á um aðgerðir og skuldbindingar þjóða og alþjóðasamfélagsins og eftirlit til þess að tryggja gagnlega og ábyrga notkun almannaþjárfjár.

Þetta felur í sér breytt hlutverk stjórnvalda, sem hafa löngum lagt til mesta fjármagnið til þróunarmála.

Stefna um samstarfsáætlanir eftir 2015

Í skýrslunni um þróunarsamvinnu 2015 er fjallað um hlutverk samstarfs í þeirri viðleitni að koma á réttu jafnvægi milli fullveldis- og dreifræðissjónarmiða, milli sameiningar og aðgreiningar, milli samfellu og sérhæfingar, í því skyni að ná markmiðunum um sjálfbæra þróun. Á grundvelli lærdóma af fenginni reynslu er lýst tíu árangursþáttum sem verða grunnurinn að framkvæmda- og eftirlitskerfi sem nýtist til þess að samstarfi leiði virk bandalög um aðgerðir.

1. Trygg forysta á æðstu stjórnstigum
2. Tryggja að samstarf sé leitt af viðkomandi landi og beinist að afmörkuðum sviðum
3. Forðast tvíverknað og sundurleitni
4. Tryggja almenna þátttöku og gagnsæi í stjórnun
5. Beita réttum samstarfslíkönnum miðað við viðfangsefni
6. Ná samkomulagi um meginreglur, markmið, áætlanir um innleiðingu og framkvæmd
7. Skýra hlutverk og ábyrgð
8. Viðhalda skýrri sýn á árangur

- 9. Mæla og fylgjast með framvindu í átt til markmiða
- 10. Afla þeirra fjármuna sem þörf er á og nota þá með skilvirkum hætti

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2015), *Development Co-operation Report 2015: Making Partnerships Effective Coalitions for Action*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/dcr-2015-en